



## Grundarfjarðarbær

### Gjaldskrá fyrir garðslátt

*Gildir sumarið 2017*

1. gr.  
*Gjald.*

Hver sláttur kostar 3.931 kr.

2. gr.  
*Réttur til garðsláttar*

Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir. Garðsláttur á vegum sveitarfélagsins tekur við þar sem getu umsækjanda og annarra heimilismanna sleppir. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði. Alla jafna er boðið upp á garðslátt þar sem allir fullorðnir heimilismenn eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar en annars ekki. Réttur til garðsláttar miðast við garða þeirra húsa þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu.

3. gr.  
*Fjöleignarhús.*

Þar sem um er að ræða slátt á sameign er tekið tillit til fjölda íbúða sem að garðinum standa og tíðni slátta miðuð við hann.

4. gr.  
*Fjöldi slátta.*

Garðar umsækjanda eru slegnir eftir þörfum yfir sumarið að mati verkstjóra áhaldahúss.

4. gr.  
*Umsjón.*

Sláttur er í umsjón áhaldahúss Grundarfjarðar.

5. gr.  
*Umsóknir og reikningar.*

Umsóknir um garðslátt skulu berast bæjarskrifstofunni á eyðublöðum sem fást þar eða á heimasíðu bæjarins. Reikningar eru sendir út í lok sumars.

6. gr.  
*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar og gildir fyrir sumarið 2017.

*Grundarfirði, 27.okt. 2016.*

Þorsteinn Steinsson, bæjarstjóri